



Gjaldskrá

Heitt vatn á Suðurnesjum

Nr. 3
1. febrúar 2010

G J A L D S K R Á
HS veitur hf. fyrir heitt vatn.
Suðurnes

I. KAFLI

1. gr.

HS Veitur hf selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

HS Veitur hf láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi HS Veitna hf.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli

			án vsk	m. vsk
Húshitun	m/l á ári	(80°C).....	34.082,00	36.014,00 kr.
Húshitun	m/l á dag	(80°C).....	93,38	98,67 kr.
Húshitun	m/l á ári	(90°C).....	38.343,00	40.517,00 kr.
Húshitun	m/l á dag	(90°C).....	105,05	111,01 kr.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli:

		án vsk	m. vsk
Til húshitunar	(80°C).....	95,66	101,08 kr./m ³
Til húshitunar	(90°C).....	105,25	111,22 kr./m ³
Til annarra nota	95,66	120,05 kr./m ³
Til iðnaðar, sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar		52,62	66,04 kr./m ³

4. gr.

HS Veitur hf leigja vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil sem hér segir:

	án vsk	m. 7,0% vsk	m. 25,5% vsk
Mælir eða hemill allt að 20 mm	6.378,00	6.740,00	8.004,00 kr./ár
Mælir eða hemill allt að 20 mm	17,47	18,46	21,93 kr./dag
Mælir eða hemill 25 - 50 mm	12.778,00	13.503,00	16.036,00 kr./ár
Mælir eða hemill 25 - 50 mm	35,01	36,99	43,94 kr./dag
Mælir eða hemill 65 mm og stærri	25.532,00	26.980,00	32.043,00 kr./ár
Mælir eða hemill 65 mm og stærri	69,95	73,92	87,79 kr./dag

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjaldþagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS Veitur hf ákveða. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldþaga.

6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS Veitna hf. Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál m³	án vsk	m. vsk
Allt að 400 m ³	160.711,00	169.823,00 kr.
Yfir 400 - 2000 m ³	131,13	138,57 kr./m ³
2000 m ³	370.539,00	391.549,00 kr.
Yfir 2000 - 6000 m ³	107,83	113,94 kr./m ³
6000 m ³	801.947,00	847.417,00 kr.
Yfir 6000 - 10000 m ³	95,43	100,84 kr./m ³
10000 m ³	1.183.635,00	1.250.747,00 kr.
Yfir 10000 m ³	83,01	87,72 kr./m ³
Bráðab. tenging T.d. vinnuskúrar	26.356,00	27.850,00 kr.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá HS Veitum hf og skal þá greiða fyrir hverja grind:

	án vsk	m. vsk
Aukagrind	19.929,00	21.059,00 kr.

III. KAFLI

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

8. gr.

HS Veitur hf hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

	án vsk	m. vsk
Opnunargjald	5.285,00	6.633,00 kr.

9. gr.

Eftirlitsmanni HS veitna hf skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 7,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar og opnunargjaldi þar sem virðisaukaskatturinn er 25,5%. Í útreikningi á 7,0% vsk. hefur verið tekið tillit til endurgreiðslu Ríkissjóðs á vsk. Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til 2% orkuskatts á smásölu verð.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn HS Veitna hf, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis með síðari breytingum.